

## **Hlutahafafundur Hitaveitufélags Gnúpverja ehf. Árnosi 3. nóvember 2017 kl 14:00**

Birkir Þrastarson setti fundinn og kom með tillögu um að Sigurður Loftsson yrði fundarstjóri og Sigríður Björk Gylfadóttir sem ritara. Engar mótbárur gerðar.

### 1. Staða félagsins og framkvæmdaþörf

- a) viðhald lagna
- b) borun nýrrar holu

### 2. Fjármögnun verkefnanna

Sigurður Kárason fór yfir stöðu félagsins. Hann sagði að holan gengi og ekki verið mikið um bilanir á lögnum. Komið er að endurnýjun lagnar frá Knarrarholti upp að Ásum. Sú lögn er núna í palsti og líftími var gefinn upp 25-30 ár. Lögnin er 3,8 km að lengd. Stjórn Hitaveitunar hefur fengið grófa kostnaðaráætlun frá EFLU sem hljóðar upp á rúmar 100.000.000 kr. plús ófyrirséður kostnaður. Reynsla annara Hitaveitna hér í nágrenninu er þó sú að þessi framkvæmd eigi að geta kostað mun minna.

Eigið fé Hitaveitunnar er rúmlega 11.000.000 kr og því þarf að leita leiða við fjármögnun á þessari endurnýjun veitunar.

Holan afkastar nægu vatni eins og er til eigenda hitaveitunnar og annarra kaupenda. Mikil ásókn er hjá nýjum viðskiptavinum að kaupa vatn, en þeirri eftirspurn er ekki hægt að anna með núverandi holu eingöngu. Stjórn hitaveitunnar hefur lagt til við sveitarstjórn að hún sjái um að bora aðra holu í Þjórsárholti og hitaveitan myndi síðan taka við holunni og sjá um dreifingu á vatninu.

Áætlaður kostnaður við nýja holu, hús og dælu er um 20.000.000 kr.

Magnús í Ásbrekku sagðist hafa varað við þessari stöðu fyrir 10 árum og að auka þurfi hlutafé talsvert eða um tugi mílnóna til að þetta geti gengið upp.

Skafti sagði að lítið hafi verið rætt um þessi mál í sveitarstjórn.

Gunnar Örn viðraði þá hugmynd að skipta upp hitaveitunni sem lið í því að leysa málin til lengri tíma, bæði fyrir sveitarfélagið og aðra eigendur.

Birkir kom með hugmynd að eigendur myndu greiða fullt verð fyrir allt vatn og einnig yrði vatnsgjaldið hækkað á alla. Í dag greiðir hver eigandi fyrir 20 lítra af vatni, 12 lítra á lægra verði og 8 lítra á fullu verði.

Fulltrúi eigenda Stóra Hofa spurði hvort hafi verið athugað með að fá vatn frá Reykjum og samtengja veitunar. Sigurður Kárason sagði það hafa verið skoðað og þá þyrfti endurnýja allar lagnir og ekki talinn hagkvæmur kostur að samtengja veitunar.

Skafti taldi nauðsynlegt að bora svo allir geti keypt vatn.

Gunnar Örn taldi hagsmuni sveitarfélagsins og annara eigenda hitaveitunar togast á, eins og staðan væri. Sveitarfélagið þyrfti aukið vatn til að anna stækkandi byggð meðan aðrir eigendur vildu eðlilega halda kostnaði við veituna í lágmarki.

Birkir telur erfitt að breyta rekstrarlegu fyrirkomulagi veitunnar.

Magnú sagði Hitaveitunar lítið fyrirtæki og það þyrfti auka hlutafé, eigið fé til að þetta gæti gengið upp.

Sigurður Loftsson tók til máls og fór aðeins yfir sögu hitaveitunar, varðandi hlutan sem snýr að endurnýjun lagnar. Hann setti fram þá hugmynd að sveitarfélagið boraði holu og fjármagnaði hana. Það gæti komið að einhverju leiti sem aukið hlutafé, en annars sem lán til Hitaveitunar. Einnig sagði hann nauðsynlegt að setja mæla hjá öllum eigendum hitaveitunar til að koma á betra skipulagi í vatnssölu til þeirra. Sagði hann vera hægt að ná utan um verkefnið án þess að kollvarpa því rekstrarfyrirkomulagi. Væntanlega þarf að hækka vatnsgjaldið og eins að skoða hvort eigendur geti komið með aukið hlutafé inn í veituna á móti sveitinni með því að sleppa afslættinum í einhvern tíma. Æskilegast væri að viðhalda núverandi eignarhlutdeild milli sveitar og annara eigenda. Í framhaldinu þarf að tryggja að gert sé ráð fyrir nægu fé í endurbætur.

Magnús sagði miki óöryggi að hafa bara eina holu.

Birkir sagði að á köldum dögum væri hitaveitan á 100% afköstum.

Tengdasonur Braga í Lækjarbrekku kom með hugmynd að setja upp framkvæmdaáætlun á grunni hugmynda Sigurðar Loftssonar.

Gunnar Örn, list vel að sveitarstjórn lánaði Hitaveitunni fyrir holunni og vil láta athuga með að fá sameiginlegan umsjónarmann með hitaveitunni og öðrum hitaveitum/kaldavatnsveitum á vegum sveitarinnar t.d. í Brautarholti.

Fulltrúi Stóra Hofs sagði að liggja þyrfti fyrir, með skýrum hætti, hvernig eigendur fái arð af hitaveitunni til framtíðar.

Birkir sagði að hreppurinn ætti vatnsréttindin í Þjórsátholti en hitaveitan ætti lagnar.

Magnús Ásbrekku vill að stjórnin geri rekstraráætlun til 3 til 5 ára, tölur á blaði hvað stjórnin leggi til með fjármögnun, lán og endurnýjun og framkvæmdir og leggi það fyrir aðalfund. Magnús þakkaði góð kynni þar sem hann væri fara úr sveitinni og sagði vatnið ódýrt, ekki of heitt vatn og ekki væri yfir neinu að kvarta. Hann hafi borgað hitaveitureikninga með glöðu geði. Það þarf setja mæli á alla, félagið væri lítið og veikburða, hann hafi bent á það áður að vegna þess gæti þessa staða komið upp.

Niðurstaða fundarins, að stjórnin undirbúi tillögur að breytingum á verðmyndunarkerfi veitunar, gera langtímaáætlun um framkvæmdir og fjármögnun þeirra. Þær tillögur verði auglýstar tímanlega fyrir næsta aðalfund.

Sveitarfélagið styðji við Hitaveitufélagið með því að tryggja fjármögnun við borun á nýrri holu í Þjórsárholti.

### 3. Önnur mál

Engin önnur mál tekin á dagskrá.